

106. fundur skráningarráðs haldinn 24. nóvember 2016 kl. 13-14.50 í húsakynnum Landskerfis bókasafna.

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður) og Þóra Sigurbjörnsdóttir (fundarritari). Helga Kristín Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn Hallfríður Hr. Kristjánsdóttir gæðastjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var yfirfarin og samþykkt.

2. Rafbækur - grunnskjal RDA- skráningar

Farið var yfir grunnskjal um skráningu rafbóka. Rætt um hvort skrá skuli rafbók og prentaða bók í einni færslu eða tveimur. Hvað með rafrænar skýrslur sem prentað eintak er til af, á að skrá tvær færslur eða hengja prentaða eintakið við færslu fyrir rafræna eintakið. Erfitt er að skrá rafrænt tímarit og prentað í einni færslu. Þarf að skoða betur.

Rætt um skráningu á lögum og reglugerðum. Ákveðið að koma á vinnuhópi um skráningu á þessu efni. Rósa hefur samband við skrásetjara sem skrá efnið.

Óþarft er að skrá höfundarréttarár í svið 264 4. Skrásetjarar þurfa þó ekki að eyða höfundarréttarári úr sóttum færslum.

Samþykkt að greina skráarsnið rafbóka í sviði 856, deilisviði q, epub, pdf o.s.frv.

Skjalið var samþykkt með smávægilegum breytingum.

3. Önnur mál

1. Sigrún fór yfir breytingar sem á eftir að gera á gögnunum í kjölfar RDA innleiðingar, s.s. að eyða út formgreiningu í sviði 245, deilisviði h. Rætt um hvað á að koma í staðinn, mögulegt að gera upplýsingar úr sviði 338 sýnilegri.
2. Áslaug spurðist fyrir um hvers vegna WorldCat væri ekki opið þannig að hægt væri að sækja færslur þangað. Sigrún sagði að á sínum tíma hefði verið ákveðið að taka ekki þátt.
3. Hallfríður: Hvenær á að setja safnkóða í deilisvið d í 040. Skal gert ef efnisleg breyting er gerð á færslu, ekki ef aðeins er um að ræða smávægilegar breytingar, flokkstölu bætt við, efnisorði eða stafsetningarvilla löguð.
4. Rætt um Disney bækur, hvenær á að skrá á Disney og hvenær ekki. Fundarmenn skoða dæmi og taka fyrir á næsta fundi.

Næsti fundur verður haldinn 12. janúar 2017 kl. 10-12